



24. Miðstjórnarfundur RSÍ haldinn föstudaginn 2. nóvember 2001

Dagskrá:

1. Stofnun Hollvinafélags Iðnskólans.
2. Rekstraráætlanir RSÍ og orlofssjóðs fyrir 2002
3. Húsnæðismál ASÍ.
4. Samstarfssamningur milli RSÍ og LÍV.
5. Meistaránám - bréf frá SART.
6. Trúnaðamannaráðstefna RSÍ 2001.
7. Önnur mál.

1. Stofnun Hollvinafélags Iðnskólans.

Ingi Bogi Bogason og Ásgrímur Jónsson frá Iðnaðarmannafélagi Reykjavíkur komu á fundinn og kynntu hugmynd að stofnun hollvinafélags Iðnskólans í Reykjavík. Ákveðið var að taka ekki þátt í verkefninu. Við værum landssamtök og gætum ekki tekið einn skóla út fyrir sviga. Við vinnum að þessum verkefnum á landsvísu í Fræðsluskrifstofu rafiðna sem RSÍ styrkir verulega

2. Rekstraráætlanir RSÍ og orlofssjóðs fyrir 2002

Gjaldkeri lagði fram rekstraráætlanir RSÍ og orlofssjóðs fyrir 2002. Fram kom að um nokkra hækkun yrði að ræða á milli ára en sú hækkun væri aðallega vegna launaskriðs félagsmanna.

3. Húsnæðismál ASÍ.

Samþykkt hefur verið hjá ASÍ að kaupa nýtt húsnæði í Eflingarhúsinu við Sæbraut. Fulltrúar RSÍ í miðstjórn, lögðu fram bókun um að aðilar gættu sín á að ASÍ skiptist ekki í tvo hluta, þá sem væru í húsinu og þá sem væri staðsettir utan þess.

4. Samstarfssamningur milli RSÍ og LÍV.

Kynnt drög að samstarfssamningi milli RSÍ og LÍV vegna starfsmanna sem vinna hjá Landsímanum. Ákveðið að gera smávægilegar breytingar á orðalagi.

5. Meistaránám - bréf frá SART.

Lagt var fram bréf frá SART vegna meistarnáms. Ákveðið að standa sameiginlega að svari til ráðuneytis.

6. Trúnaðamannaráðstefna RSÍ 2001.

Lögð var fram endanleg dagskrá ráðstefnunar.

7. Önnur mál

Félag rafeindavirkja er að gefa út glæsilega bók um sögu iðngreinarinnar.

Samþykkt var að RSÍ legði fram styrk til útgáfunnar en fengi um 80 bækur í staðinn, til þess að setja m.a. í orlofshúsin.

Haukur Ágústsson